

Fundur haldinn í skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 6. apríl 2009 kl. 15:00
Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Eiríkur Kristjánsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. **0902016** Erindi frá Eyjasiglingu ehf um framkvæmdaleyfi við höfnina á Stað.

Áður á dagskrá 2. mars s.l.

- a) Lagning rafmagns niður á hafnarsvæðið.
- b) Uppsetning ljósastaura og tenglakassa.
- c) Uppsetning á innsiglingamerki.
- d) Breikkun vegar fyrir bílastæði.
- e) Vatnslögn frá Árbæ niður að höfn.

Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun er það ekki á þeirra hendi að sækja um leyfi til framkvæmdanna heldur framkvæmdaaðilans. Eyjasiglingu ehf er veitt framkvæmdaleyfi fyrir eftirtöldum lendingarbótum:

skv. ofanrituðu: a), b), c) og e) með fyrirvara um jákvæða umsögn Breiðafjarðarnefndar.

Liður d): Erindið samþykkt.

2. **0904006** Bréf dags. 19. mars 2009 frá Leifi Samúelssyni með ósk um að rafstöðvarhús 212-1922 verði afskráð úr fasteignaskrá þar sem húsið er ekki lengur til. Einnig ósk um að sorpgjald af gamla húsinu í Djúpadal 221-5122 verði ½ gjald, þ.e. sumarhúsagjald. Byggingafulltrúa falið að afgreiða afskráningu rafstöðvarhús eftir vetvangsskoðun. Varðandi sorpgjald, þar sem húsið er skráð sem einbýlishús í Landsskrá fasteigna er erindinu hafnað.
3. **0904012** Endurnýjun samninga vegna refa- og minkaveiða. Sveitarstjóra og Agli falið að semja við aðila um grenjaleit og koma með drög að samningi. Söluleiðis er þeim falið að semja drög að samningi um refa- og minkaveiðar við aðra en grenjaleitarmenn. Drög þessi skulu lögð fyrir næsa hreppsnefndarfund.
4. **0903030** Bréf dags. 16. mars 2009 frá Landmælingum Íslands með upplýsingum um hæðarkerfi sem eru í notkun á Íslandi hjá bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum þeirra og með ósk um upplýsingar um hvaða hæðarkerfi eru í notkun í Reykhólahreppi. ÍSNET 93 er í notkun hjá Reykhólahreppi.

Önnur mál.

1. Bréf dags. 6. apríl 2009 frá Eiríki Snæbjörnssyni og Kristjáni Þór Ebeneserssyni með umsókn um leyfi til að byggja þurrkhhall á Stað. Erindið samþykkt. Óskað er eftir byggingalýsingu og afstöðumynd og byggingafulltrúa falið að afgreiða málið þegar gögn berast.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00

Sveinn Ragnarsson (sign), Egill Sigurgeirsson (sign), Eiríkur Kristjánsson (sign), Bogi Kristinsson og (sign), Óskar Steingrímsson (sign).